



Menntamálanefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabæ 1. febrúar 2001
Tilvísun: 2000050003

Efni: Umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga, frumvarp til safnalaga, frumvarp til húsafriðunarlaga og frumvarp til laga um útflutning og skil menningarverðmæta

Með bréfum dags. 14. desember s.k. var óskað umsagnar þjóðminjavarðar um fjögur lagafrumvörp.

Undirrituð er í meginatriðum sammála því grundvallarskipulagi þjóðminjavörslunnar, sem frumvörpin fela í sér, enda mikilvægt að stytta boðleiðir og skilgreina betur ábyrgð. Undirrituð leggur áherslu á að ein öflug stofnun sinni þjóðminjavörslunni. Þannig er eindregið tekið undir að sú leið verði farin að Þjóðminjavarslan og Þjóðminjasafn Íslands verði áfram ein stofnun, sem þjóðminjavörður veiti forstöðu. Lagst er ákveðið gegn því að stofnunin verði klofin. Mikilvægt er að efla ímynd þjóðminjavörslunnar með áherslu á aukið samstarf þeirra sem þar starfa. Þjóðminjavarslan og Þjóðminjasafn Íslands verði ein heild, þótt ábyrgð og verkaskipting innan stofnunar verður betur skilgreint en nú er gert.

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi leiðir til bóta að mati undirritaðrar:

- A. Almennt er lagt til að skýrar verði fjallað um mikilvægi þjóðminjavörslunnar í þróun atvinnulífs á nýrri öld. Leggja þarf meiri áherslu á menningarlandslag og varðveislu heilda, mikilvægi rannsókna, þátt minjavörslu í umhverfisvernd og skógrækt, samstarf við skólakerfið og menningartengda ferðaþjónustu.
- B. Endurskoðun þarf hugtakið þjóðminjar, þ.e. víðar en áður í takt við nýja tíma, sbr. frumvarp um flutning menningarverðmæta.
- C. Lögð er áhersla á að byggðasöfn í landinu heyri faglega undir stjórn þjóðminjavarðar með tilliti til samræmdrar stefnu og faglegs samstarfs á sama hátt og Þjóðminjasafn Íslands.
- D. Huga þarf að því að stjórnsýsluhlutverk fornleifadeildar verði aðskilið frá stofnuninni í samræmi við líklegar kröfur Samkeppnisstofnunar. Mætti sjá fyrir sér Fornleifanefnd, sem hefði sambærilega stöðu og Húsafriðunarnefnd. Hlutverk Fornleifanefndar yrði að sinna stjórnsýsluþáttum er varða fornleifavernd. Um er að ræða hluta af núverandi starfsemi fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands, sem lítið hefur verið sinnt til þessa og nýir tímar gera síauknar kröfur til. Því yrði um nýja starfsemi að ræða.
- E. Þannig gæti myndin lítið þannig út að Þjóðminjavarslan yrði ein öflug stofnun, sem þjóðminjavörður veitti forstöðu og heyrði undir Menntamálaráðherra (Gæti heitið Embætti þjóðminjavarðar eða hreinlega Þjóðminjasafn Íslands áfram). Innan þeirrar stofnunar starfaði

Þjóðminjasafnið / höfuðsafnið með safnstjóra, sem bæri ábyrgð gagnvart þjóðminjaverði. **Byggðasöfn** í landinu heyrðu undir faglega yfirstjórn þjóðminjavarðar, en safnstjórar þar bæru auk þess fjárhagslega ábyrgð gagnvart sveitarstjórnnum á viðkomandi svæðum. Við hlið þjóðminjavörslunnar væru starfandi tvær stjórnsýslunefndir, sem heyrðu beint undir Menntamálaráðherra; **Húsafríðunarnefnd ríkisins** (sbr. frumvarp) og **Fornleifanefnd ríkisins**. Þessar nefndir færu með stjórn viðkomandi sjóða og sinntu stjórnsýsluhlutverki, sem ber að aðskilja frá þjóðminjavörslunni. Faglegt samráð og tengsl væru hins vega á milli þjóðminjavarðar og viðkomandi nefnda (þ.e. seturéttur á fundum nefndanna).

Gerðar er eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar.


FRUMVARP TIL SAFNALAGA

1. Í 1. kafla, 2. grein er rætt um safnráð. Það þarf í lögnum að skýra betur hvernig tengslum safnráðs við söfnin verði háttað.
2. Í 2. kafla, 5. grein er nauðsynlegt að skýra betur tengsl höfuðsafna og annarra safna svo sem byggðasafna, listasafna og sérsafna.

FRUMVARP TIL ÞJÓÐMINJALAGA

1. Gerð er athugasemd við 3. gr. frumvarps til þjóðminjalaga varðandi kröfur um menntun þjóðminjavarðar. Lagt er til að í stað „sérfræðimenntunar í fornleifafræði“ komi sérfræðimenntunar á sviði minjafræða. Yrði það í samræmi við nefndarálit ríkisins um ábyrgð og valdsvið forstöðumanna ríkisstofnana.
2. Lagt er til að í 1. gr. þjóðminjalaga verði hugtakið þjóðminjar skilgreint víðar, en nú er gert. Það yrði í samræmi við lagafrumvarp um flutning og skil menningarverðmæta. Lögð verði áhersla á menningarlandslag og hús sem þjóðminjar ekki síður en fornleifar.
3. Mikilvægt er að þjóðminjasafn Íslands stundi rannsóknir á sviði þjóðminjavörslu almennt. Lagt til að orðinu „fornleifar“ verði bætt við 7. gr. Skýra þarf tengsl þjóðminjavarðar og minjavarða við Húsafríðunarnefnd.
4. Gæta þarf þess að fornleifaskráning verði lögbundin í tengslum við framkvæmdir, skipulag og skógrækt.
6. 10. gr. Bæta má við greinina ákvæðum um fornleifar á sjávarbotni, t.d. tilkynningaskyldu skipstjórnenda um minjafund og bann við röskun minja á vatns- og sjávarbotni.
7. 20. grein. Friðaðir kirkjugripir skulu skráðir. Verndun skráðra gripa og skráning ætti að vera í höndum embættis þjóðminjavarðar eða viðkomandi byggðasafns, enda útheimtir slík umsýsla fagþekkingu. Skilgreina þarf betur hver skal halda viðkomandi skrá yfir minningarmörk í kirkjugörðum.

Með vinsemd og virðingu



Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður